



Alþingi
vt. Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. febrúar 2003

1.01-4

Varðandi: Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.

Lög sem skilgreina og festa störf björgunarsveita með lagalegum hætti hljóta að vera til bóta fyrir almannavarnir í landinu. Almannavarnir ríkisins gerðu fyrst samkomulag við samtök björgunarsveita á áttaunda áratugnum, sem hefur verið endurnýjaður síðan, síðast í apríl 2002. Þannig hefur aðkoma björgunarsveita við almannavarnir verið tryggð, en staðfesting í lögum er líklegt til að styrkja slíkt samstarf.

Hinsvegar, þar sem þriðjungur starfsmanna Almannavarna ríkisins eru skráðir meðlimir í björgunarsveitum er málið einnig skoðað frá sjónarhóli þeirra og sjónarhóli vinnuveitanda. Sett er spurningarmerki við fyrstu setningu í 4. grein þar sem fram kemur að björgunarsveitum er "skylt" að fara í útkall. Björgunarsveitir saman standa af sjálfbóðaliðum sem hafa annað starf að atvinnu. Þegar útköll verða eiga björgunarsveitarfólk misjafnlega heimangengt. Björgunarsveitarstarf á Íslandi byggist á því að hægt sé með nokkurri vissu að ná í tiltekinn fjölda á hverjum tíma, en aldrei er hægt að segja til um fyrirfram hverjir, hvorki hvaða sveit né einstakingar, fari í útkall í hvert skipti. Því er þeirri spurningu velt upp hér varðandi túlkun orðsins "skylt" og hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir björgunarsveit eða björgunarmann, sem aðstæðna vegna, kemst ekki í útkall? Er verið með þessum lögum að breyta stöðu björgunarsveita, eða því fólki sem að sveitinni standa, varðandi skyldu að bregðast við? Björgunarsveitir hafa ávallt verið siðferðilega skyldar að fara í útköll, en nú verða þær lagalega skyldar. Hver er hinn raunverulegi munur? Einnig þarf að útskýra hvað þetta ákvæði þýði gagnvart vinnuveitendum, t.d. ef fáir komast í útkall úr tiltekinni björgunarsveit, geta forsvarsmenn viðkomandi sveitar beitt þessu ákvæði gegn vinnuveitenda vegna þess að sveitinni er skylt að senda einhverja í útkall? Mikilvægt er að lögín séu skýr að þessu leyti og ekki sé svigrúm til túlkunnar.

Þá er einnig bent á að gæslustörf, sem björgunarsveitir geta verið beðnar um að sinna, geta orðið langvarandi og talist frekar til forvarnaaðgerða en til neyðaraðgerða. Þessu hefur verið mætt í samningi Almannavarna ríkisins við björgunarsamtökin með ákvæði þar sem fram kemur að um langvarandi aðstoð þurfi að semja sérstaklega. Það er í höndum þeirra sem eru í forsvari á hverjum tíma að skilgreina langvarandi aðstoð. Mikilvægt er að hafa svipaðan varnagla í lögum, til þess að fyrirbyggja misnotkun á framlagi sjálfbóðaliða.

Virðingarfyllst,

Sólveig Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins